

Tilmæli
Tillaga
Afgreiðsla

4/2023
B 345/PRE
Forsætisnefnd

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2024

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 1. nóvember 2023 eftirfarandi tilmæli að tillögu forsætisnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún samþykki tillögu Norrænu ráðherranefndarinnar um fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árið 2024, sem inniheldur samkomulag um fjárhagsáætlun milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar sem nemur samtals 20,5 milljónum danskra króna.

MR-SAM álykti eftirfarandi:

- að umhverfis- og loftslagsmálasvið hafi í tengslum við samkomulag um fjárhagsáætlun ársins 2023 veitt 3.000.000 DKK til svonefnds „Norræns æskulýðssjóðs fyrir loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni“, en með honum getur ungt fólk sótt um styrki til að skipuleggja eða taka þátt í norrænu starfi sem hvetur ungt fólk á Norðurlöndum til að láta til sín taka í loftslagsmálum og málefnum líffræðilegrar fjölbreytni. Hægt er að nota féð til og með 2025 og því munu samstarfsráðherrarnir fylgjast með framgangi vinnunnar við sjóðinn á árinu 2024 og upplýsa Norðurlandaráð um hann. Verði allt féð nýtt á árinu 2023 getur ráðherranefndin um umhverfis- og loftslagsmál leitað eftir frekari styrk við sjóðinn á árinu 2024 af því fé sem veita skal til verkefna fyrir ungt fólk á sviði loftslags- og umhverfismála samkvæmt samkomulagi um fjárhagsáætlun 2024, sbr. ofangreint. Verði það fé jafnframt nýtt til fulls eru samstarfsráðherrarnir jákvæðir gagnvart því að finna leiðir til frekari fjármögnunar.
- að samið hafi verið um að samstarfsráðherrarnir ráðstafi 1.000.000 DKK til þess að efla tækifæri til norrænna menningarskipta utan norrænu landanna.
- að MR-S ráðstafar allt að 1.000.000 DKK til skýrslu um fátækt á meðal barna á Norðurlöndum til að fylgja eftir tilmælum Norðurlandaráðs 21/2022 um börn og ungt fólk sem elst upp við viðvarandi lágar tekjur.



- að samstarfsráðherrarnir hafa í tengslum við samkomulag um fjárhagsáætlun 2023 ráðstafað 500.000 DKK til eftirfylgni við skýrslu Jans-Eriks Enestam um að efla samstarf um almannavarnir á Norðurlöndum og jafnframt 250.000 DKK til að efla vinnu í tengslum við afnám stjórnsýsluhindrana á milli norrænu landanna. Samstarfsráðherrarnir munu fylgjast með framgangi vinnunnar við samstarf um almannavarnir og afnám stjórnsýsluhindrana og upplýsa Norðurlandaráð um hann.
- að ákveðið hafi verið að samráð skuli vera milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar til að ná eftir því sem framast er unnt sameiginlegum skilningi um fjárhagsramma og grundvallaratriði fjárhagsáætlunar fyrir komandi fjárhagsár.
- að ákveðið hafi verið að halda áfram viðræðum við Norðurlandaráð um að koma hugsanlega á fót ráðherranefnd um samgöngumál.
- að ákveðið hafi verið að núverandi og næsta formennskuland Norrænu ráðherranefndarinnar fundi með núverandi og næsta formennskulandi Norðurlandaráðs í lok árs 2023 til að ræða gerð norrænna fjárhagsáætlana til framtíðar.

Ósló, 1. nóvember 2023

Erkki Tuomioja
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs